



## Grundarfjarðarbær

1/4

NETFANG: grundarfjordur@grundarfjordur.is  
HEIMASÍÐA: www.grundarfjordur.is

Sjávarútvegsráðuneytið  
Skúlagötu 4,  
150 Reykjavík.

|   |          |
|---|----------|
| SJÁVARÚTVEGS RÁÐUN<br>LANDIÐNADARRÁÐUNEYTIÐ |          |
| Skj. nr.                                    | 10.7.2   |
| Tím. nr.                                    |          |
| 1. 4. JÚLÍ 2008                             |          |
| Ábni  | 716      |
| SL.R  | 08040163 |

Grundarfirði, 14. júlí 2008.

Efni: Tilmæli bæjarráðs Grundarfjarðarbæjar um að sjávarútvegsráðuneytið staðfesti tillögu að sérstökum reglum um úthlutun byggðakvóta Grundarfjarðar til fiskiskipa sbr. ákvæði 3. gr. reglugerðar nr. 605/2008.

Bæjarráð Grundarfjarðarbæjar samþykkti á fundi sínum þ. 14. júlí 2008 að fara fram á að sjávarútvegsráðuneytið staðfesti eftirfarandi tillögu bæjarráðsins að sérstökum reglum um úthlutun byggðakvóta Grundarfjarðar til fiskiskipa, sbr. ákvæði 3. gr. reglugerðar nr. 605/2008:

1. Helmingi byggðakvótans (70 þígt.) verði úthlutað til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og 2. gr. eftir því sem við á hlutfallslega af þeim aflaheimildum sem fallið hafa til Grundarfjarðar í samræmi við hlutfall landaðs afla 2007/2008, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 605/2008.

Ekki verði miðað við 15 tonna þak á aflaheimild eins og kveðið er á um í ákvæðum 4. gr. reglugerðar nr. 605/2008.

Rökstuðningur bæjarráðs Grundarfjarðarbæjar er sami og var settur fram í umsókn um byggðakvóta til handa Grundarfirði frá 25. apríl 2008 og er eftirfarandi:

*„Sótt er um í fyrsta lagi á grundvelli 1. töluliðar í auglýsingu sjávarútvegsráðuneytisins frá 16. apríl 2008 um vanda minni byggðarlaga (viðmiðun 1500 íbúar), sem rekja má til samdráttar í sjávarútvegi.*

Frá Grundarfirði hefur farið nær allur botnfiskkvóti smábáta sem hafa verið á sóknardagamarki. Þetta hefur valdið verulegri minnkun á vinnslu afla í landi með tilheyrandi tekjuminnkun og fólksfækkan. Íbúum Grundarfjarðar fækkaði úr 975 árið 2005 í 918 árið 2007 (1. desember bæði árin).

Þessi minnkun á botnfiskkvóta sóknardagabáta hafði m.a. áhrif á heildarmagn landaðs afla í Grundarfjarðarhöfn. Landaður afli í Grundarfjarðarhöfn árið 2005 var 20.570.939 kg. en varð 19.139.460 kg. árið 2007.

Þorskeldi í kvíum var komið þokkalega á legg í Grundarfirði á vegum Guðmundar Runólfssonar hf. þegar fyrirtækið varð fyrir óvæntu og ófyrirsjáanlegu tjóni í lok ársins 2006. Allur fiskur í eldiskvíum drapst með tilheyrandi tapi á framleiðsluverðmæti. Um var að ræða fullalinn fisk sem búið var að kosta miklu til. Þetta varð til þess að fyrirtækið hefur hætt við þorskeldi í kvíum um óákveðinn tíma og veldur það fækkan starfa í byggðarlaginu.”

Skerðing á aflaheimildum í þorski kom illa niður á sjávarútvegsfyrirtækjum í Grundarfirði. Reiknað hefur verið út að vegna skerðingar á aflaheimildum í þorski verði líkleg veltuminnkun í byggðarlaginu upp á 900 - 1.000 milljónir króna. Þegar liggur fyrir að útgerðarfyrirtæki og fiskvinnslur munu verða lokað meirihluta sumarsins. Atvinnumöguleikar yfir sumarmánuðina eru verulega skertir fyrir bragðið, ekki síst fyrir fólk á framhaldsskólaaldri.

2. Helmingur byggðakyótans (70 þígt) fari til að bæta þeim sem höfðu aflahlutdeild í skelfiski upp samdrátt vegna banns við skelfiskveiðum á Breiðafirði.

Reglur um úthlutum samkvæmt þessum lið:

- a) Rétt til að sækja um úthlutun byggðakyóta hafa útgerðir sem gera út fiskiskip frá Grundarfirði eða starfrækja þar viðinni aftur af ófyrirsjáanlegum skerðingu.
- b) Aflinn skal veiddur af skipum gerðum út frá Grundarfirði.
- c) Umræddur byggðakyóti skal unnið í Grundarfirði, samningur við fiskvinnslu skal fylgja umsókn.
- d) Byggðakyóta samkvæmt umsóknum er uppfylla ofangreind skilyrði skal úthlutað á milli umsækjenda hlutfallslega miðað við aflahlutdeild í hörpuskel.

EKKI verði miðað við 15 tonna þak á aflaheimild eins og kveðið er á um í ákvæðum 4. gr. reglugerðar nr. 605/2008.

Rökstuðningur bæjarráðs Grundarfjarðarbæjar er sami og settur var fram í umsókn um byggðakyóta til handa Grundarfirði frá 25. apríl 2008 og er eftirfarandi:

*„Sótt er um í öðru lagi ú grundvelli 2. töluliðar í auglýsingu sjávarútvegsráðuneytisins frá 16. apríl 2008. Hér að neðan er endurtekinn rökstuðningur sem settur var fram í umsókn til ráðuneytisins þ. 7. júlí 2005. Öll sömu rök eiga við enn í dag óbreytt.*

„Sótt er um í á grundvelli þess að byggðarlagið hefur orðið fyrir „óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum fiskiskipa sem gerð hafa verið út og landað afla í viðkomandi [byggðarlagi] og sem veruleg áhrif hefur haft á atvinnuástand f [þvf]“ eins og það er orðað í fyrrgreindri tilkynningu ráðuneytisins.

Grundvöllur umsóknarinnar er sú erfiða staða sem skapaðist þegar hrun, varð í hörpudiskstofninum í Breiðafirði og leiddi til algens banns við veiðunum. Ráðuneytinu á að vera kunnugt um áhrif þess á byggðarlagið, sbr. erindi bæjarstjórnar Grundarfjarðar og fyrirtækja til sjávarútvegsráðherra dags. 17. mars, 9. apríl og 11. júní 2003 (sem fylgja með þessu erindi) og fund með ráðherra þann 9. apríl 2003, þar sem fram komu staðreyndir um alvarleika málsins. Enn fremur umsókn bæjarstjórnar um byggðakvóta dags. 29. sept. 2004.

Eftirfarandi kom þar m.a. fram:

- Á fiskveiðiárinu 2000-2001 var úthlutað tæplega 1715 tonnum af hörpudiski til fyrirtækja/útgerða í Grundarfirði.
- Árið 2001/2002 var úthlutunin rúm 1393 tonn og 2002/2003 var hún aðeins 857,4 tonn.. Skerðingin á tveimur árum er skv. þessu 50%.
- Úthlutaður kvóti á hörpudiski hafði komið í hlut 3ja aðila í Grundarfirði sem hér segir:
 

|              |                         |
|--------------|-------------------------|
| Haukaberg SH | 4,285%                  |
| Farsæll SH   | 4,285%                  |
| FISK hf.     | 12,865%                 |
| Samtals      | 21,435% af heildarkvóta |
- Fiskiðjan Skagfirðingur hf. hafði þrívægis keypt hörpudiskkvóta á tímabilinu 1996-2001, samtals allan þann kvóta sem fyrirtækið á í dag. Fjárfestingin nam hundruðum milljóna króna.
- Veiðar og vinnsla á hörpudiski stóðu yfir í 5 ½ mánuð árið 2000-2001 og við það unnu um 50-55 manns beint.
- U.p.b. 26% af störfum í sjávarútvegi voru við veiðar og vinnslu á hörpudiski í það hálfa ár sem veiðitímabilið stóð yfir, eða um 13% af ársverkum í sjávarútvegi í Grundarfirði.

Eftir þetta, við upphaf fiskveiðiársins 2003/2004, var síðan tilkynnt um algert bann við veiðunum.

Það þarf í raun ekki að eyða mörgum orðum til skýringar á því að svo umfangsmikil skerðing á aflaheimildum í hörpudiski, hjá ofangreindum útgerðum, hefur haft afdrifarískar afleiðingar.

Útgerðir og áhafnir Farsæls og Haukabergs SH hafa algerlega orðið af þessum veiðum og munar verulega um þann hluta í útgerðarmynstri þeirra og afkomu, en eins og fram hefur komið stóðu veiðarnar orðið yfir í meira en fimm mánuði. Hvað varðar skelvinnsluna hjá Fiskiðjunni Skagfirðingi hefur þetta bann við hörpudiskveiðum enn fremur komið verulega við rekstur vinnslunnar í Grundarfirði og skert möguleika fyrirtækisins á að halda úti atvinnu, sem og afkomumöguleika þess svo um munar.

Að vísu hafa útgerðirnar fengið einhverjar bætur, en ekki nándar nærrí nóg til þess að vega upp tapið vegna skelveyðibannsins. Í ár mun svo skerðing rýra enn frekar þeirra hlut og því er það von bæjarstjórnar að ráðuneytið muni sýna Grundfirðingum skilning þegar kemur að afgreiðslu umsóknarinnar.


Þess má líka geta, að vandinn í þessu tilviki felst ekki síst í því, fyrir utan skerðingu sem útgerð og áhafnir skipanna hafa orðið fyrir, að þó að uppbætur í þorskígildum komi til þá er það staðreynd að virðisaukinn í skelinni er afar mikill í landvinnslunni. Til einfaldrar útskyringar má segja að vinnsla á t.d. þorski u.p.b. tvöfaldar sig, frá verðmæti aflaheimilda til verðmætis afurðanna. Verðmætið í skelinni för hins vegar úr u.p.b. 40-45 kr. pr. kg aflaheimildar í 900-1000 kr. pr. kg unninnar afurðar. Tjón Fiskiðjunnar Skagfirðings er því verulegt af þessum sökum. Fyrirtækið hefur reynt að halda úti vinnslu fyrir fólk i landi, með því að leggja áherslu á

4/4

rækjuvinnslu. Rekstur rækjuvinnslu hefur verið erfiður undanfarin ár, rækjuvinnslum  
hefur fækkað úr 23 í 5 á.aðeins örfáum árum og ekki að sjá að þar horfi til batnáðar.”

Bæjarráðið samþykkti framangreindar tillögur á fundi 14. júlí 2008 og vonast eftir því  
að sjávarútvegsráðuneytið staðfesti þær og auglýsi í B-deild Stjórnartíðinda sbr.  
ákvæði 3. gr. reglugerðar nr. 605/2008.

Virðingarfyllst,  
f.h. bæjarráðs Gruðdarfjarðarbæjar

  
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson